



Ræða um landhelgismálið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1929-1964.
Askja 4-1, Örk 6

Hefur ekki brygt.

Raða Bjarna Benediktssonar, dómsmálaráðsh.,
á Varðarfundum í Sjálfstjórnishúsinu, 29/9 '60,
v/ Landhelgisnámlið.

Góðir Sjálfstjórnismenn, konur og karlar.

Ég bygg, að það hafi verið á síðasta Varðarfundum, sem haldinn var í vor, að ég gerði nokkra grein fyrir stöðu landsins landhelgisnámliðs þá og gangi þess á Genfarráðstefnunni og horfum að henni lokinni. Það er rétt að ryfja það upp nú, að ég tók þá sérstaklega fram og lagði á það áherslu, að þó að ég teldi stöðu Íslands styrkari eftir Genfarráðstefnuna en áður, þá væri ég mjög við því, að menn höfðu, að allir erfiðleikar í námliðu væri úr sögunni. Það var ^{þetta} ekki sagt að tilefnislausu. Bretar höfðu að vísu hutt um sinn, að því er þeir sjálfir sögðu, veisum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu undir herskipavernd. En þeir létu opið standa, hvort þeir síðar, þá miðað við 12. ágúst, kynnu að taka upp slíkar veiðar á ný. En þegar var komið í ljós, að togarar þeirra voru við veiðar hér við land í fylgd herskipa, þó að þau höfðu sig utan okkar fiskveiðilögsögu. Þá ^{þegar} þessi Varðarfundur var haldinn, ^{þá} ^á nokkrum síðum, var þegar komið í ljós, að íslenskir togarar ^{erfiðleikur} urðu fyrir erfiðleikum um löndun afla síns í Bretlandi. ^{þá} ^{þá} menn ^{þá} ^{þá} e.t.v. að nokkrum landanir gengu þar skaplega eftir lok Genfarráðstefnunnar, en síðustu landanirnar ^á ^á vöktu mikla ^á ^á óánægju og horfði til fullkominna vandamála. Eftir það hafa íslenskir togarar ekki siglt til Bretlands, að nokkrum ^{þá} ^{þá} að vísu vegna þess, að ekki þykir vanlegt til árangurs að

selja þar afla að sumri til, en einnig ~~þó~~ af því að menn bjuggust við örðugleikum eða hindrunum á löndunum fiskisins, ~~þó~~ ^{þó} töggarnir komu til hana (veðjulegu löndunarbanna, sem við löngum höfum skipt við).

Nú má að vísu segja og heyrist atundum, að landhelgisálinu megi ekki blanda saman við venjuleg fjárhagsmál eða atvinnu okkar, ~~og þá~~ þá einnig vitnað til þessa, að við höfum staðist af okkur löndunarbann, sem Bretar settu á íslenskan fisk 1952 og höldu allt fram til ársins 1956, skömmu eftir að vinstri stjórnin tók við völdum, þegar í gildi gekk sákomulag, sem undirbúið hafði verið (fyrst og fremst af okkar mænum, meðan við vorum í stjórn, af þeim Ólafi Thors, þáverandi forsætisráðherra, Péttri Benediktssyni, þáverandi sendiherra í París, og fulltrúum ísl. útgerðarmanna. Þá Franskókmenn voru andvígir þangað til eftir að þeir tóku sjálfir við forustunni við stjórnarmyndun Hermanns Jónassonar á miðju sumri 1956.

Það er rétt, að við stóðum af okkur þetta löndunarbann, en við skulum heldur ekki gleyma því, að það varð okkur til mikils tjóns og óþæginda, ^{þá} ~~og~~ sásamt að við hefðum sloppið jafn vel frá þeim erfiðleikum, ef ekki hefði á árinu 1953 opnast að nýju markaður í Rússlandi fyrir okkar fisk, sem þá hafði verið lokaður um nokkur ár. Ég skal ekki segja, hvort opnun þess markaðar stóð í sambandi beinu við deilu okkar við Breta, en víst er, að hann hefur örðið okkur að miklu líði, sjálfsagt er að halda honum við, en fáir munu þeir vera, sem telja líklegt, að við getum selt þar meiri fisk en við nú gerum, svo nokkru

nemi, né heldur sé það mikilegt að við verðum einhliða háðir viðskiptum við járntrjáaldslöndin, sem mundi verða, ef við yrðum stórlega enn að auka útflutning okkar af fiski þangað, jafnvel þótt markaður væri fyrir hendi, sem engar líkur eru nú til.

Við verðum þess vegna að horfast í augu við það og gera okkur grein fyrir, að markaðurinn í Englandi hefur fyrir okkur mikla fjárhagslega þýðingu, sem meta verður einnig í þessu sambandi, hvort sem við viljum láta hann ráða úrslitum eða ekki. Við vitum það gjörli, að togaraútgerðinni hefur gengið illa nú síðustu ár. Það var gott ár hjá henni 1958, þegar karfaveiðar virtust ótömandi á Nýfundnalandsmiðum. Nú eru þau mið fiskilítill, miðað við það, sem þá var, og fiskitregða víðast; afli hefur verið með tregasta móti á þessu ári og vonlitið, eins og nú horfir, að togarar geti gengið í haust eða fram eftir vetri til vertíðar, nema þeir geti a.m.k. Söru hvoru siglt með ísfisk til erlendra hafna, og þá er ekki í önnur hús að venda heldur en annað hvort til Þýskalands eða Englands. Um Þýskalandsmarkaðinn er það að segja, að hann er þegar yfirfullur og frá Þjóðverjum berast aðvaranir um, að mjög verði að takmarka mjög afla, sem þangað sé sendur. Horfur eru aftur á móti á því, að ef allt verði með felldu, þá geti verið skaplegur markaður í Bretlandi í haust og fram eftir vetri, markaður, sem kann, eins og ég sagði, að ráða úrslitum um það, hvort togararnir verða gerðir út. Og þá ekki einungis vegna þess að ella verði á þeim fyrirsjáanlegur og óvísiránlegur halli, heldur vitum við einnig, að ein af ástæðumunum fyrir því, að svo erfiðlega

gekk um nokkurra ára bil að manna togarana, fá á þá viðhlítandi áhafnir, að sjómennu fást ekki til þess að vera á þessum skipum, sem lengi eru úr höfn, nema því aðeins að þau hlunnindi fylgi margvísleg, sem því eru sanfara öðru hvoru að sigla til erlendra hafna. Það er einnig orðin gerbreyting á því, hversu sjómenn sækja nú eftir að siglingar höfust að nýju til Englands frekar eftir því að fara á togarana heldur en áður var.

Allt eru þetta atriði, semsverður að hafa í huga, þegar eru afkomuöguleikar okkar og viðhorf í þessu máli, landhelgismálinu, sem fyrst og fremst miðar að því að tryggja efnahagsafkomuna.

En þá er einnig rétt að hafa í huga, að við höfum auðvitað margvísleg önnur skipti við Breta, sem okkur eru mikilsverð. Ég skal ekki um það segja, hvort ástæðan til þess, að svo illa hefur farið með útflutning á kolanum, flatfisknum, sem veiðst hefur í draguót í sunar, eins og a.n.k. raun ber vitni um í sumum verstöðvum, stafar af því að menn hafi ekki treyst sér að sigla með hann beint til Bretlands og selja hann þar, eða hvort aðrar ástæður eru að verki. En víst er, að löngum hefur verið talið, að besti markaðsurinn fyrir kola og annan flatfisk, væri einmitt í Bretlandi. Þá er það einnig vitað, að þeir kaupa af okkur, hvort sem þeir nota það sjálfir, eða selja áfram, mikið af öðrum fiski, bæði skreið og saltfisk, sem að vísu hefur ekki orðið fyrir hindrunum í innflutningi ennþá, en þau dæmi og raunar margvísleg önnur, sem við þekkjum, af hagkvæmum viðskiptum við Breta, sanna

okkur að eðlileg og truflunarlaus skipti við þessa þjóð hafa mjög mikla fjárhagslega þýðingu fyrir okkur. Og það er okkur mikilsvert, að á þeim verði ekki stöðvun eða tregða.

Eins og ég sagði, þá eru margir sem segja eða halda því fram, að við eigum ekki að blanda fjárhagsatriðum saman við landhelgis málið og ég játa einnig, að þau hafa aldrei ráðið úrslita-áhrifum í mínum huga, þó að eins og ég sagði, að það verði að meta hag og tap í þeim, miðað við aðrar aðgerðir okkar og þá einnig í landhelgis-málinu, því að atlinin með útvíkkun landhelginna var aldrei sú, að við hefðum af því tjón, heldur hag. En sleppum þessum fjárhagsbollaleggningum, a.m.k. í bili, og lítum á viðhorf málsins að öðru leyti. Eins og ég segi, þá varð það úr, eftir Genfarráðstefnuna, að Bretar ákváðu að taka ekki fyrst um sinn upp veiðar undir herskipavernd innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar. Og herskip þau, sem þeir haft á miðunum hér í sumar, hafa ekki síst gegnt því hlutverki að stugga breskum togurum frá landhelginni, eða fiskveiðilögsögunni, ef þeir sýndu löngun til þess að fara inn fyrir, en að visu einnig og ekki síður að bjarga þeim, ef þeir voru teknir af íslenskum varðskipum, staðnir að verki á brotum á okkar reglum. Fyrirfram myndum við flest hafa atlað, að það væri höttuminnu ástand, sem skapast myndi við strendur landsins, ef herskipin væru hér alls ekki, eða a.m.k. utan við fiskveiðilögsöguna, heldur en það ástand, sem við áttum við að búa á árunum frá ~~1958~~ 1958 fram á árið 1960. Reynslan í sumar hefur hins vegar fært okkur

heim sanninn um nokkuð annað. Við höfum séð, að meðan breskir togaramenn eru enn í þeim sam, að þeir vilja ekki og telja sig ekki skuldbundna til þess að virða okkar fiskveiðitakörk, heldur þvert á móti telja sig, samkvæmt sínum skilmámi á alþjóðalögum, eiga rétt á því að fisk innan þeirra, með vissum takörkunum að sjálfsögðu, þá skapast þarna enn hettulegra ástand en nokkuð annað. Á meðan Bretar voru hér undir herskipavernd, sumpart nauðugir, þá var þó nekkurn veginn tryggt, að herskipin höfðu á þeim heimil, þannig þeir í lang fæstum tilfellum öbbuðust upp á Íslendinga og í flestum tilfellum virtu veiðarferi og sýndu ekki annan opinberan yfirgang, sem einnig var verið nóg, heldur að fiska á þeim svæðum, sem herskipin visuðu þeim á. Við töldum, og höfðum nokkuð fyrir okkur í því, að þessar veiðar væru þeim að vissu leyti óhagkvæmar, það mikill kostnaður því samfara fyrir bresk stjórnarvöld að halda úti herskipum til þess að fylgjast með þessum veiðum og a.m.k. til að byrja með, þá gengu þær verið treglega og afli var oft lítill, og þannig að fjarri fóru, að veiðarnar berguðu sig. En eftir því sem lengur leið mun þó hitt hafa komið í ljós, að æfingin varð hér þeim til stoðar og rík ástæða er til að mta, að veiðarnar hin síðustu misseri hafi bergað sig mun betur en í fyrstu. Þannig að a.m.k. af hálfu togaramanna þá líti þeir margir síður en svo með kvíða til þess, þó að slíkar skipulagsbundnar þ veiðar undir herskipavernd væru teknar upp að nýju. Það kom að visu fyrir, meðan að þessi háttur var viðhafður, að árekstur varð milli Íslendinga og þeirra. Er þar skemmt að minnast veiðarfaraskemmdanna fyrir Snæfellsnesi

síða seinasta vetur, en þar var þó um algjört undantekningartilfelli að ræða, tilfelli, sem öllu helst varð að skoða í því ljósi, að Bretar voru þá í þann veginn að hverfa frá veiðum með þessum hætti, og við vildum skýra það svo, að grenja réði því frunhlaupi, sem þeir þá gerðu sig seka um.

Þess vegna hygg ég, að það sé sannmáli, er ég sagði, að að vissu leyti þá voru þessar veiðar okkar hættuminni heldur en sá háttur, sem Bretar um skeið í sumar tóku upp, þegar þeir margir fóru inn fyrir landhelgina í ráðnum hug að brjóta okkar reglur, án þess að vera háðir þeim hálum eða eftirliti herskipanna, sem fylgi því, að þau voru yfir þeim, eins og ég áður sagði.

Í sumar urðu hvað eftir annað árekstrar á Íslandsmiðum, sem síst eru ýkjur að-ö þótt sagt sé, að guðsmildi hafi verið, að ekki varð verra af. Nú þar einkum nefna það dæmi, þegar breskur togari af ásettu ráði, samkvæmt því sem yfir var lýst af skipstjóra hans, sem harmaði að tilræði sitt skyldi ekki takast, er hann af ásettu ráði reyndi að sigla niður íslenska varðskipið Egil. Nunaði þá ekki skipsbreidd, að árekstur sey yrði milli skipanna og þarf ekki getum að því að leiða, að þá hefði ekki einungis getað orðið skipstjón af, heldur allar líkur til, að manntjón hefði einnig af leitt. Það er að vísu svo, að varðskipið hefði getað varist þessari árás með því að skjóta á togarann og skjóta hann niður, ef í harðbakkann sló. Og víst hefði það ekki verið ánnlisvert að verja þannig sitt eigið líf. En bæði varðskipsmenn og dómsmálastjórnin hafa talið að á til slíkra neyðarúrreða stti ekki að grípa

fyrir heldur en í hinni ítrustu nauðsyn.
Vandi þessa máls er minn, þó að ekki batist þar ofan á blóðsúðhellingar og víst settum við Íslendingar ekki að verða fyrri til að hefja þann leik, jafnvel þótt mjög sé að okkur sótt. En þreski skiptstjórnin, sem þarna átti hlut að máli, lýfati því yfir berum orðum, þegar hann kom heim til Bretlands, að hann mundi gera slíkt aftur, ef hann komist í færi til. Þreskur togaraskiptstjóri, sem lá hér í Reykjavík, nokkra undanfarna daga, sagði að Bretar væru desperate, þ.e.a.s. víti sínu fjör af Örvinglan, eða hvernig á að þýða það nákvæmlega, er þeir smjú íslenska togara að veiðum innan fiskveiðilögs- sögunnar og væri varnað að gera það sjálfir. Nenn, sem eru í slíku hugarástandi, og eins og ég segi að eigin sannfæringu telja rétt á sér brottinn eru til alls vísir. Og ef Bretar tækju upp, þótt að herskipin væru fyrir utan fiskveiðilögsögunnar, ef Bretar tækju upp þann hátt að veiða hér innan fiskveiðilögsögunnar, hundruðum saman og í slíkum huga, sem ég nú lýft, þá þarf ekki að fara mörgun orðum um þær hættur, sem af því myndu leiða. Ég veit að vísu fullvel, að íslenskir sjómenn eru vanir að leggja sig há í hættu, og hafa oft boðit sjálfum höfuðskepnunum byrginn, en sitt hvað er, hvort menn gera það eða hvort við sendum okkar fámenna og lítt búna líf á okkar mjög vennegngu varðskipum út til gæslu á nóti slíku ofurefli í yfirvofandi hættu, eða hvort við sjálfar höfuð- höfuðskepnurnar er að etja.

Hvað sem um það er, það er víst, að ef hér komi til ~~hinn~~ mannsbana af þessum völdum, og sumir láta eins og slíkt væri ~~ekki~~ síst harmandi,

því að Þjóðviljinn skrifaði um það í sumar, að vandinn væri sá einn að opna íslensku flugvélina, sem landhelgisgumslan hefir yfir að ráða, og hefja síðan skothríf á breska togara, og þá myndu þeir skjótlega hverfa úr landhelgi. Ég hefi haldið, að slík valdbeiting af hálfu Íslendinga væri eitt af því, sem við ættum síðast að grípa til. Einfaldlega vegna þess, að styrkur okkar liggur í öllu öðru heldur en valdinu. Ef á að reyna á styrkleika í afli milli okkar og Breta, þarf ekki að sækum að spyrja. Það er of fjarstætt að tala um vígiferli eða átök með valdi á milli okkar og þessa þriðja mesta stórveldis heimsins, til þess að orðum þurfi að því að eyða. Við eigum þvert á móti að halda þannig á, að það sé ljóst, að ef valdi er beitt eða til ofbeldis gripið, þá séu það andstoðingarnir, sem það geri, en ekki við. Að við trúum á lög og rétt og sanngirni, en látum hina um það að beita sínu afli gegn lítilmagnanum, ef þeir vilja þannig fara að. En segjum sem svo, að hér kemmi til átaka eða mannsbana, sem eins og ég segi litlu hefur munað, að orðið hefði, þá er hér ekki lengur mæ um venjulega fiskveiðiræðlu að ræða milli Íslendinga og Breta, þá er þar með í sömu stundu skapað alþjóðlegt vandamál, sem ekki þáðan í söðum frá x yrði nema að litlu leyti yrði í okkar . Þar með væri skapaður sá eldur, xum á milli þessara þjóða, sem seint yrði slökktur. Við getum hugsað okkur það andrúmsloft, sem hér

... þar með væri skapaður sá eldur á milli þessara þjóða, sem seint yrði slökktur. Við getum hugsað okkur, að andrúmsloft, sem hér skapaðist, ef Bretar yrðu okkar mönnum að lífstjóni og við getum hugsað okkur þann heiftareld, sem upp mundi blossa í Bretlandi, ef við yrðum þeirra mönnum að fjörtjóni. Við getum einnig gert okkur glögga grein fyrir, hvernig slíkir atburðir yrðu túlkaðir úti frá, hvernig þeir yrðu tafarlaust dregnir inn í hina alþjóðlegu stórveldatogstreitu, notaðir þar, ekki til þess að leiða vandamálin til lykta, heldur til þess að kynda undir þeim ófriðar-eldi og fjandskapar, sem logar æði skært í heiminum, þó við eigum ekki hlut í að magna.

Sú mynd, sem ég hef nú dregið upp af ástandi þessara mála er að mínu viti síst of dapurleg eða svört. Ég hygg að hún sé í einu og öllu raunsemt mat á viðhorfinu eins og það er í dag. Þar eru atvik, sem við verðum að hafa í huga og meta, þegar við tökum ákvörðun um, hvernig meðferð þessa máls skuli háttað í framtíðinni. Það kemur í rauninni ekkert málinu við, hver eigi sök á því að svona sé komið, heldur verðum við að horfast í augu við að þetta ýmist blasir þegar við séð ekki verður við gert eða er á næstu grósum þegar engin getu ábyrgst að ósköpin skelli ekki yfir, ef góðvild og vitsmunir fá ekki forða vandræðum í þessum viðkvæma, og fyrir okkur, mjög þýðingarmikla deilumáli.

Ég tel að það séu hin mestu svik í þessu máli, þegar það stendur, eins og ég nú hef lýst, að þá skuli því vera lýst yfir af hálfu stjórnarandstæðinga og þeirra málögnum og hamrað á því dag eftir dag, að Íslendingar hafi þegar unnið sigur í málinu og þar með sé það leyst og úr sögunni. Hvað sem líður möguleika okkar til þess að fá í framtíðinni viðurkenndar 12 sjómílar sem takmark okkar fiskveiðilög-sögu, þá tjáir ekki að halda því fram, að reyna telja Íslendingum trú um, að mál sem stendur eins og þetta máls stendur nú, með öllum þeim hættum sem það hefur í sér fólgið, sé þegar leyst.

Það má vel vera og það var víst rétt, ég mun koma að því betur síðar, að við höfum í raun og veru þegar sigræð í landhelgismálinu af því leyti, að 12 mílar verða áður en yfir lýkur viðurkenndar, sem grundvallarregla. En deilan við Breta stendur eftir og það stendur

eftir, að þessi mikla siglinga- og fiskveiðapjóð hefur ekki ennþá í verki fengist til þess að viðurkenna okkar rétt. Það er það úrlausn efni sem Íslendingar komast ekki með neinu móti hjá að viðurkenna og taka afstöðu til, um hvaða afleiðinga eigi að taka af.

Stjórnarandstæðingar segja raunar, að vandinn sé ekki mikill. Ég hefi þó sannast að segja aldrei heyrt þá útskýra til hlítar hvernig þeir vilji komast út úr þessari deilu. Hvernig þeir vilji leiða hana til lykta. Það er öllu fremur, að þeir segi, að við séum búðir að vinna, við eigum ekki að tala við Breta, okkur komi ekki við hvað þeir geri. Þegar að málin standa eins og þau standa, þá eru það fjarstæður, sem engu tali taka. Þegar betur er á knúð heyrst stundum sagt, að við eigum, og það eru einkum kommúnistar, sem þann boðskap flytja, að við eigum að leita til Sameinuðu þjóðanna og kæra þar Breta fyrir ofbeldi í okkar garð, og þá hafa þeir einkum á orði að við eigum að kæra þá fyrir Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ef við nú lítum á hvernig málsmeðferð er hagað í Öryggisráðinu verð ég að segja eins og er, að þessi tillaga er algjör lokaráð. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna getur ekki tekið neina ákvörðun, sem gild sé eða hafi nokkra þýðingu, nema þá til áráðurs, nema öll stórveldin sem þar sitja, séu sammála. Auk þess sem meirihluti í heild að koma til. Nú er það svo, að Bretland á fast sæti í Öryggisráðinu og þess vegna er það fyrirfram tryggt, að kæra af hálfu okkar á hendur Bretum til Öryggisráðsins mundi þar verða feld, jafnvel þó að Bretar stæðu þar einir. Vegna þess, að þeir myndi beita sínu synjunarvaldi gegn hverri þeirri ályktun, sem gengi okkur í vil. Hitt er svo enn annað, að það eru allar líkur til þess, að Bretar mundu ekki standa þar einir, vegna þess að enn er það svo, að yfirgnæfandi meirihluti S.þ. er á annari skoðun um gildandi réttarreglur varðandi fiskveiðilögsögu, heldur en Íslendingar.

Þannig, að hvort heldur að við leitum til Öryggisráðsins eða til sjálfs þings með allsherjarsamkomu S.þ., þá eru allar líkur til þess, að okkar sjónarmið yrðu þar í minni hluta. Ég bið menn að minnast þess, að á Genfar-fundinum munaði aðeins einu atkvæði, atkvæði okkar sjálfra, að 2/3 meirihluta atkvæða samþykktu, að vísu 12 málna fiskveiðilögsögu, en með 10 ára sögulegri fiskveiðilögsögu. Það er að segja, settu þær reglur, sem við vildum ekki ganga að

Nú er það ekki víst, að atkvæði féllu allveg á sama veg hjá S. þ. og á Genfar-ráðstefnunni. Kemur þar tvennt til, annars vegar; á Genfar-ráðstefnunni voru nokkrir þátttakendur okkur yfirleitt andstæðir, sem ekki eru í S. þ. og eins að nú eru komin í Sameinuðu þjóðirnar allmörg ný ríki, sem ekki áttu sæti á Genfar-ráðstefnunni. En þó að tillit væri tekið til þessa, þá eru allar líkur til þess, og raunar óskiljanlegt annað, miðað við atkvæðatölur, heldur en að meirihluti atkvæða í S. þ. yrði okkur andvígur í því sem nú er deilt um við Ereta, hvort þeir eigi hér að njóta sögulegs réttar eða ekki. Og þá kemur það einnig til, að allsherjarþing S. þ. hefur yfirleitt mjög takmarkað valdsvið, og meirihluti atkvæða ræður þar ekki, nema í þýðingarlitlum málum og um fundarskáp. Annars þarf yfirleitt til efnisákvörðunar 2/3 hluta atkvæða, eins og á Genfar-ráðstefnunni en til viðbótar bætist, að yfirleitt eru þær samþykktir ekki beinlínis bindandi gagnstætt því, sem hafa verið um ályktanir öryggisráðsins, ef það tekur ákvörðun á annað borð heldur einungis um ráðleggingar eða tilmæli til aðila að ræða. En eins og ég segi þá eru ~~þetta~~^{allar} líkur til þess og raunar eins víst eins og menn fyrirfram geta metið, að það er vonlaust að við í þessari dælu gætum fengið meirihluta með okkur á móti Bretum, einfaldlega af því að þeir telja, meirihlutinn, að við höfum réttarlega rangt fyrir okkur, hvað sem sangirninni líður. En auk þess eru allar líkur til þess, að talið yrði að 2/3 meirihlutar þyrftu að koma til lögmetrar ákvörðunar og þegar hinir fengu nær 2/3 ~~me~~ meirihluta á Genfar-ráðstefnunni þyrfti meira en lítil breyting að verða til þess að við gætum með okkar málstað, gagnstætt því sem áður reyndist fengið 2/3 hjá þingi S. þ.

Af þessum sökum held ég, að engum geti dulist, að þeir sem tala um það, að málið eigi að kæra hvort heldur fyrir öryggisráði S. þ. eða allsherjarþingi þess, hafa ekki í huga raunverulega endanlega lausn málsins, heldur eru þeir að tala um nýtt árósursefni, sem yrði notað í viðureign stórveldanna þeirra á milli en mundi vera jafn fjarri því eins og málið er í dag, að leysa okkar vanda og bægja frá þeim margvíslegu hættum og óþægindum sem ~~okkur~~^{okkur} steýja meðan málin standa eins og þau gera í dag.

Ég bygg að sú besta lausn og líklegasta okkur til hags, sem við gætum vænst af S. þ. er sú, að okkur yrði vísað á, að við gætum borið málið ~~undir~~^{undir} alþjóðadómstól. Að það er væri sagt, að

hér er annað hvort um að ræða hagsmunaágreining eða réttarágreining. Ef um hagsmunaágreining er að ræða, þá skulið þið reyna að talast við um hann, semja um hann. Ef um réttarágreining er að ræða, þá er sá vettvangur, sem S.þ. hafa yfir að ræða til lausnar þvíðkum vanda alþjóðadómstólinn í Haag.

Bretar, þeir bentu á þá leið og stungu upp á henni, þegar á árinu 1958. Af hálfu Íslendinga var því þá svarað til, að það væri ekki tímabært eða rétt, að taka ákvörðun um það, að bera málið undir alþjóðadómstól, vegna þess að til stæði ný ráðstefna um réttarreglurnar, sem síðan var haldin í Haag eins og við vitum og lyktaði eins og öllum er kunnugt. Þannig, að ef við á ný tækjum málið fyrir S.þ. og stæðum frammi fyrir samekonar tilboði frá Breta um að láta skera úr þessu fyrir alþjóða dómi eins og þeir gerðu á allsherjarþinginu 1958, þá gætum við ekki framar skotið okkur undir það, að nú væri ný ráðstefna á næstu grósum, heldur yrðum að segja hreinlega til um það, hvort við í raun og veru vilðum hafa þennan hátt á eða eki

Með sama hætti mundi fara tvímeðlalaust, ef við þærum málið undir Atlantshafsbandalagið eða sem kemur í einn stað niður af Framsóknarmenn einkanlega benda í vaxandi mæli á, að við öttum að kæra yfirgang Breta fyrir Bandaríkjustjórn og biðja hana í skjóli varnarsamningsins frá 1951, að stugga í brezkum herskipun úr Íslenskum fiskveiðilögsögu. Það mundi þó því aðeins geta komið til greina, ef herskipin koma aftur inn fyrir fiskveiðilögsögunum, sem engan veginn er víst og eins og ég sagði áðan, þá getur verið allt eins hættulegt, ef brezkir togarar herskipalaust og án beinnar stjórnarráðutunar hefja hér veiðar á ný. En látum það vera.

Við skulum segja að við tækjum það upp að kæra fyrir annað hvort Bandaríkjustjórn eða Atlantshafsbandalaginu. Ef fyrir Bandaríkjustjórn væri kært, þá mundi hún þegar í stað skjóta málinu til Atlantshafsráðsins. Í Atlantshafsráðinu mundu svörin vera þau sömu eins og ég sagði áðan að yrðu okkur hagkvæmnaust hjá S.þ., að okkur yrði annað hvort vísað á að reyna sættir við andstæðinginn taka upp við hann viðræður ef að um hagsmunaágreining væri að ræða eða ef að um réttarágreining væri að ræða, þá að láta þann dómstól sem að alþjóðarlögum á að skera úr slíkum málum, fjalla um það. Nú skal ég játa, að ég persónulega hef ætíð verið á því, að við hefðum lítið að óttast í sambandi við það, að bera málið undir

alþjóðadómstól. Ég hef alltaf talið, að við hefðum rétt fyrir okkur í þessu máli, að ákvarðanir okkar væru í samræmi við alþjóðalög og þess vegna þyrftum við ekki að óttast, heldur öttum beinlínis að stuðla að því, að látan skera úr þessum ágreiningi eftir venjulegum réttarleiðum. Og það var einmitt með þá skoðun í huga, sem ég hvatti mjöt til þess haustið 1958, að málinu væri skotið til aðgerða Atlantshafsbandalagsins. Ég taldi þá, að bandalagið mundi, ef þanní væri farið að, hindra Breta í ofbeldisbeitingu, gegn því, að við bæru málið undir alþjóðadómstól eða settum okkur við, að sú áferð yrði viðhöfð. En einmitt stjórnarandstæðingar núverandi, sem þá réðu mestu um meðferð málsins, Framsóknarmenn og Kommúnistar þeir hafa öttu frá fyrsta degi aldrei mátt heyra á það minnst, að málið væri borið undir alþjóðadómstól. Nú spyr ég, hvernig leyfa þessir menn sér, að taka ákvarðanir varðandi lífshagsmunum Íslensku þjóðarinnar, ef að þeir eru sjálfir svo efasamir um sinn rétt, að þeir treysta ekki úrskurði þess dómstóls, sem þjóðirnar síf á milli hafa samið um, að skera skuli úr alþjóðadeilumálum um réttarágreining? Og hvernig er komið framþróun og friðsamlegri sambúð þjóða, ef smáríkin, sem ekkert vald hafa á bak við sig, halda þannig á málum, að þora ekki að bera sín deilumál undir réttar dómstól, heldur skákar einungis í því skjóli, að vegna ytri atvika, af því að hægt sé að egna einn gegn öðrum, þá sé hægt að koma málum fram, sem forustumennirnir virðast ekki hafa trú að fáist staðist, ef skoðuð séu af hlutlausum mönnum.

Ég hef aldrei skilið þennan hugsunarhátt og ég hef verið með 12 mína fiskveiðilögsögu, þó að ég teldi að málið væri tekið upp með röngum hætti í fyrsta vegna þess, að ég hef verið sannfærður um að við höfum rétt mál að flytja og munum vinna, ef til málsóknar kemur. Hins vegar verð ég að játa, að eftir því sem legnur líður, þá er hæfnara fyrir okkur en ella, að halda þannig á málum, að undir alþjóðadómstóli sé komið. Það er að vísu vafalaust, að það eru meiri líkur til þess eftir Genfar-ráðstefnuna, en áður að 12 sjómílur verði talin gild alisherjarregla, sem ystu takmörk, sem fara megi án samninga við útfærslu fiskveiðilögsögu.

Órslit Genfar-ráðstefnunnar voru slík, að það er nánast ákaflega ólíklegt, að nokkur dómstóll mundi nú orðið telja slíkt óheimilt. Það er þó rétt að segja það eins og er, að það væri lávís maður

og lítill lögfræðingur, sem leyfði sér fyrirfram að fullyrða, hver dómsúrslit yrðu. Þess vegna eru mörg dómsstig og þess vegna eru jafn margir lögfræðingar og þið nú þekkið, að engin getur fyrirfram verið viss um, hver úrskurður endanlega verður í nokkru máli. Það er fávíska, af nokkrum manni, að fullyrða að öllum hljóti að sýnast hið sama og sjálfum honum, allra sínt í flóknum og erfiðum viðfangsefnum. Það getur þess vegna engin ábyrgt fyrirfram, hver úrslit fyrir dómi yrðu. Því er ætíð nokkur hættu samfara. Ef hér kemur til viðbótar hvað Genfar-ráðsstefnan samþykkti, þó ekki með lögmetum meirihluta, þá viðbót við, og sama sama atkvæðamagn, um leið og hún samþykkti 12 málur, sem ýstu mörk, þá munaði aðeins einu atkvæði, að 2/3 meirihluti fengist fyrir því að 10 ára tími skyldi veitast fiskiveiðabýðum, sem tími til þess að umþotta sig þó þau þann tíma héldu þeim hefðbundna rétti, sem þau hefðu áunnið sér. Það er þess vegna fyllilega mögulegt og jafnvel líklegt, að þó að 12 málur yrðu víðurkenndar af alþjóðadómstóli, þá mundi sú viðbót verða sett að viðskildum, einhvern tiltákinn tíma veita öðrum þjóðum, til þess að umþotta sig, að gera þær breytingar hjá sér, sem leiðu af okkar meginbreytingu.

Þegar á þetta er litið, þá verður mjög að skýja, hvað hvort að þessi leið, sem sannast að segja að mínu viti er sú eina, sem í alvöru getur komið til greina önnur en sú með einhverju móti, að leita eftir sáttum í málinu, þá verður mjög að efast um, að hún sé okkur hagkvæmari eða líklegri til árangurs eða okkur í vil heldur en viðtöl og skynsamlegar sáttumleitanir.

Ég hef í því sem ég hef nú reynt að rekja, annars vegar sýnt fram á, að þetta vandamál er engan veginn leyst. Að deilan við Bretu stendur ennþá og henni er samfara margvísleg hættu og margvíslegir erfiðleikar, sem við eigum við að etja. Erfiðleikar, sem við undir vissum kringumstæðum að sjálfsögðu hljótum á okkur að taka, en eru svo veigamiklir að þau eru bersýnilegir hagsmunir Íslands, að skylda stjórnarvalda að leita allra skynsamlegra ráða til að bægja þessum hættum og þessum erfiðleikum frá.

Ég hef einnig rakið hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess aðrir en viðtöl og sáttumleitanir, að bægja örðugleikunum frá.

Ég hef ekki heyrt minnst á einn einasta annan möguleika en þann

sem ég hef nú rakið og gert grein fyrir um það, hvernig þessa delu eigi að leiða til lykta. Og þú getið öll sjálf gert ykkur grein fyrir hvort að sé vænlegt fyrir okkur eða skynsamlegt eins og málin standa, að treysta á þá möguleika eða að reyna að læg leita annara leiða. Og þá er einnig rétt að ^{húfa} huga í huga, að sú leiðin sem lang er líklegast að öll eftirgrenslan okkar hjá öðrum aðilum okkur til styrktar mundir enda í, þ.e.a.s. ábending um að leita til alþjóðadómstólsins, að stjórnarandstæðingar hafa sýnt þeirri hugmynd ekki síður fjandskap heldur en hinni að upp væru tekið viðtal við brezku ríkisstjórnina. Nú er það svo, að Íslendingar hafa ekki, þrátt fyrir augljósa hagemuni á því að leiða deluna til lykta . . . óskað viðtala við Breta. En eftir að brezka stjórnin mjög eindregið fór fram á að slík viðtal yrðu tekin upp þá varð Íslenska stjórnin sammála um það og þeir flokkar sem að henni fylgja á Alþingi, að sjálfsagt væri að hefja slík viðtal. Ef við hefðum neitað því, þá gáfum við andstæðingum okkar í Bretlandi það vopn í hendur, að segja að við værum ekki við mælandi og við vitum það sjálfir hver meðmæli það eru með manni, að hann standi í delu, að hann sé ekki viðmælandi, hann sé ekki viðtalshefur. Ekkert var líklegt til þess að skapa okkur andúð og svipta okkur þeirri samúð og skilningi bæði í Bretlandi sjálfu og með öðrum þjóðum, sem er framskilyrði til þess, að við að lokum vinnum sigur í þessu máli.

Það gat þess vegna aldrei komið til álita, að við neituðum að ræða um málið, en hið glóralausa ofsteki stjórnarandstæðinga hér sést best á þú því, þegar þeir nú undanfarna daga hafa gert það að hatrómmu árársarefni á ríkisstjórnina og þá einkum forentíarásherrann Ólaf Thors, að hann skyldi tala við ^{Macmillan} ~~Mac-Millan~~, þegar hann átti leið hér um landið um síðustu helgi. Nú er það svo, og það hafa Sjálfstæðismenn oft bent á í okkar umræðum um málið, að eitt af meinum í meðferð þess er, að vegna þess að málið er ekki eitt af hinum þýðingarmestu í Bretlandi þó að það sé þar allþýðingarmikið, þá hafa meiriháttar stjórnálamenn þar haft af því lítil kynni og ennþá minni afskipti. Þess vegna hafa sérhagsmunir og skyndi-
ákvæðanir um með ferð þess. Við höfum talið, að það væri eitt höfuð verkefni okkar, að koma breskum valdamönnum í skilning um, að þó að málið væri ekki mjög þýðingarmikið fyrir þá, þá hefði það úrlitabýtingu á Íslandi. Og þess vegna höfum við ekki settið okkur neinu færi, sem gefist hefur, til að skýra þessi viðhorf og afleiðingu þeirra bæði fyrir breskum og öðrum valdamönnum

sem við höfum komist í tæri við.

Það var þess vegna, ef svo má segja, himinsent tækifæri, þegar forsætisráðherra Bretlanda nokkrum dögum áður en þessar viðræður, kom hér við á Keflavíkurlflugvelli og hægt var að koma fyrir viðræðum milli hans og okkar forsætisráðherra og það er áreðanlegt, það er viðurkennt af miklu fleirum en okkur. Ég efast um að nokkur Íslendingar beri hæfð brigtur á það, að engum af okkar ~~vald~~^{lands} ~~mennum~~^{en} var betur treystandi til þess, heldur/einmitt Ólafi Thors, í stutta máli en greinargöðu að skýra ^{viðhorf} okkar og þýðingu málsins fyrir brekka forsætisráðherranum.

Ef Ólafur Thors hefði látið sér það tækifæri sér úr greipum ganga, þá mátti ásaka hann um vanrækslu og jafnvel svik við Íslensku þjóðina. En svo langt eru þessir ófuguggar leiðdir og heillum horfnir, að þeir bera það á borð við Íslenskan almenning vitborinn og heilbrigt hugsandi, að það sé nánast landráð, að Íslenski forsætisráðherraan noti það tækifæri sem honum gefst til að skýra okkar höfuðvandamál fyrir þeim manni, sem ef til vill getur ráðið meiru en nokkur maður annar í heiminum um, að það leysist farsælega. Mitt skulum við svo hafa í huga, að málið er ekki svo auðvelt, að nokkra stundafjórðunga viðræður leysi þar allan vandann, eða eyði ágreiningi fjúptökum, bæði um réttarreglur og hagsmuni, þar þarf að sjálfsögðu meira til að koma. En allt fer þó að lokum undir því í hvaða anda viðræður og viðleitni er gerð og mér segir svo hugur um, að það eigi eftir að koma á daginn, að samtali Ólafs Thors við Macmillan hafi mjög mikku göðu til vegna komið. Og þá einnig best að gera sér þess grein, að þó að ég hafi hér að framan lýst viðhorfi málsins og alvöru þess gagnvart okkur Íslendingum, þá eru Bretar auðvitað vegna sína eigin hagsmuna einnig áfjáðir um að leysa þann vanda, sem þeim er á höndum.

Þar er fyrst að telja, að þeir þurfa á fiski frá Íslandströndum að halda og allan þorra manna þar í landi skiptir það tiltölulega litlu, hvort hann sé er veiddur af Íslendingum eða Bretum, þó að brekkir fiskimenn og útgerðarmenn vilji auðvitað eiga sjálfir sem mestan hlut þar í. Þá er og, að Bretar þeir hafa af því mikinn kostnað, brekka ríkisstjórnin, að halda úti herskipum hér við strendur landsins með þeim hetti, sem þeir hafa gert 2 undanfarin ár. Og brekkir sjómenn og útgerðarmenn þeir telja það lífsauðsyn sína.

15

ekki einungis að geta veitt á Íslandsmiðum og það meira en okkur þykir góðu hófi gegna, heldur einnig og ekki síður að geta, ef í harðbakkann slær átt skjál við Íslandstrendur og leitað til Íslenskra hafna, svo að þó að þeir vegna þess að þeirra skoðun á réttarreglum eru önnur en okkar, vilji ekki lúta einhlíta boði okkar eða banni, þá telja þeir sér mjög mikilvert að leiða þetta máli til lykta. Það er engin vafi á því, og bætist þá einnig þar við, að þrekka stjórnmáli, er það auðvitað ekkert ánægjufullt og veit að það er henni sífát til heiðurs, að eiga í síðum erjum við Íslendinga eins og hún á. Að styrkleikamunurinn er alltof mikill, til þess að Bretar geti nokkvan tíma unnið sér frægðarorð á því, að leika Íslendinga grátt.

Þessar ástæður gera það að verkum, að þó að við, og við skulum gera okkur og jóna það, þó að við höfum af því ríka hagsmuni, að leiða þessa deilu til lykta, þá hafa Bretar einnig mikla hagsmuni af því að eyða deilunni. Það er síður en svo, að við komum til þeirra viðtala, sem nú á að efna til, þannig að við þurfum að biðja Breta ásjár. Því fer fjarri. Hitt mundi sanni nær, að Bretar viðrökenna sjálfir, að þeir eru búinir að tapa viðureigninni um tólf mánu. Þeir eru búinir að tapa henni til frambúðar.

Samingurinn við Noreg, sem tilkynntur var í dag er enn ein sönnun þess, að það gera þeir að frjálsum vilja, samning, sem sviðir þá réttinum til þess eftir 10 ár, að veiða við Noregstrendur. Bretum er þess vegna ljóst, að þessi viðureign er þegar glötuð fyrir þá. En þeir telja, að í viðureigninni við Íslendinga, hafi þeir haldið þannig þá, að með einhverju móti þurfi að hylja þann ósigur, sem þegar sé búið að biða. Auk þess sem þeir telja það fallkomið frá sínu sjónarmiði, sanngirnismáli og nauðsyn að þeirra menn fái nokkurn árábil til að unþótta sig, áður en þeir að lokum fyrir fullt og allt út fyrir þetta 12 mána takmark. Nú má segja, að við eigum ekki að geta samedar Bretaveldis, þeir hafa stjórnað sínum málum. Og það var ekki eftir okkar málum, að þeir fóru svo að, sem þeir gerðu. Ef við eigum einnig að skilja það, hvenær við höfum sigrað að megin efni til og ekki halda viðureigninni áfram lengur eða með þeim hætti að möguleiki sé til, að við glötum þeirri hagkvæma ^{við} glötuðu ^{og} vil segja sigurvinninum, sem við þegar höfum aflað okkur, og hífan af er í raun og veru ekki um neitt annað að ræða. Af hálfu ríkisstjórnarinnar Íslensku er gengið til þessara samnings, með það eitt sem

14

takmark, grundvallarskilyrði og óframkjanlegri reglu, að afla frambúðar viðurkenningar á 12 málna fiskveiðilögsögu við Íslandsstrendur án þess um leið að útiloka möguleika til eftari útfærslu með og að svo miklu leyti, sem alþjóðalög þá leyfa. Þetta er tilgangurinn. Það er ekki að láta undan eða hika í málinu, heldur að leiða deiluna til lykta þannig, að afla viðurkenninga þessa með sjóveldis í vestur-Evrópu og siglingaþjóðar og fiskveiðaþjóðar á okkar fiskveiðilögsögu eins og hún í dag er ákveðin til frambúðar.

Með hverjum hötti þá verður gert, er ekki hægt að segja í dag. Og það er heldur ekki hægt að segja, hvort hægt er að ná samkomulag við Breti, þá er óreynt. Viðræðurnar eiga að okkar hálfu að miða að því, að skýra okkar málstað. Reyna að sannfæra Breti um það ef hægt er, að þeim væri samst að láta sitja við það sem orðið er. Jafnframt verður við að skða öll tilboð málamiðlumartillögur sem frá þeim koma og snuga gaumgefilega. Og það verður að metast af ráðisestjórninni og hennar trúnaðarmönnum hvort og hvenær finnanleg sé leið sem veiti okkur það, sem að við sökjustum eftir, án þess að nokkuð þá sé látið í staðinn, sem við ekki megum án vera.

Það væri ekki rétt af mér, áður en samningar hefjast, á almennum fundi, að fara frekar út í einstök atriði eða samninga. En ég vil einungis segja það, Áð eins og það er forsenda af okkar hálfu að 12 málnar verði viðurkenndar til frambúðar, þá er það algjör misskilningur, blekking, ef ekki annað verra, þegar því er haldið fram, að þótt við leyfum Bretum mjög tímabundnar og takmarkaðar veiðar á vissum svæðum innan okkar fiskveiðilögsögu, þá værum við þannig að afsala landhelginni eða nokkurt undanhald í málinu.

Við þurfum ekki annað en að láta til Rússa, sem viðurkennt er, að hafi ekki aðeins 12 málna fiskveiðilögsögu, heldur skilyrðislaust, hafa tileinkað sér 12 málna landhelgi. Þeir hafa gert samning við Breti um að veita þeim á vissum slóðum innan þessara miða heimild til fiskveiða gegn öðrum hlunnindum, sem Rússar hafa áskyllið sér af hálfu Breti. Með þessu afsala Rússar sér ekki sinni fiskveiðilögsögu eða sinni landhelgi frekar heldur en það, að ég afsala mér ekki eignarétti á mínu húsi, þó að ég leigi t. d. um tveggja þriggja árabíl manni eitt herbergi í húsinu. Ef það

kann að verða til þess, að ég af þeim sökum fái tekjur til þess að húsið verði skuldlaust á eftir. Eignarétturinn stendur óhaggaður, verður einuagis enn tryggari, vegna þessarar aðferðar. Þetta séra hvert mannsbarn um leið og það leiðir hugann að því.

Við höfum ákveðið okkur 12 mína fiskveiðitakmörk, vegna þess, að við töldum okkur það lífshagsmuni fyrir efnahagsaftomu þjóðarinnar. Við eigum að halda þannig á málinu, að það verði til uppbyggingar, til eflingar og styrkingar okkar efnahag, en ekki þannig, að það verði okkur fjötur um fót, að það dragi úr aftomu möguleiknum okkar á Íslandi og e.f.v. áður en varir geti orðið að alþjóðlega vandamáli, sem engin sjálf út yfir, hvaða afleiðingar geti haft fyrir okkur fyrir Breti og fyrir allar aðrar þjóðir.

Þetta er sú stefna, sem við munum fylgja. Og með þessar hugsanir leggjum við óáræddir í viðtölin við Breti með það megin takmark, að tryggja rétt okkar um alla framtíð og láta ekkert af hendi annað en það, að við fáum annað eða meira í staðinn, jafnvel þótt til bráðabirgða sé.

Við gerum okkur það fyllilega ljóst, að þessi afstaða verður af mesingamönninum í hópi stjórnarandstæðinga, þótt margir þeirra í raun og veru sjálf betur til langferle. En til þess er stjórn í einu landi, að gera sér grein fyrir þeim vanda, sem við er að etja, að Ás birgja brunni áður en barnið er dottið ofan í.

Sú stjórn, sem bregzt því hlutverki, hún á ekki skilið traust þjóðarinnar og við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórninni vitum, að þið hafið valið okkur, vegna þess að þið treystið okkur til þess jafnt í þessu máli og því frekar í þessu máli, sem er stærra og þýðingarmeira fyrir þjóðina en önnur, að gera það eitt, sem að við vitum að er rétt og þjóðin þarf á að halda.